

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUÐURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Alþingi - nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Kristínar Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. desember 2011

Málsnúmer: 2011120052
Skjalalykill: 15.3.4

Alþingi
Erindi nr. P 140/796
komudagur 15.12.2011

Málefni: Umsögn um gjaldtökuákvæði í fjarskiptalagafrumvarpi – þingmál nr. 362

Með tölvupósti frá nefndarritara umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 14. desember 2011, gefst Póst- og fjarskiptastofnun kostur á því að tjá sig um 13. gr. frumvarps til breytinga á fjarskiptalögum, þingmál nr. 362. Hafa Póst- og fjarskiptastofnun borist upplýsingar um það að nefndin hyggist skoða hvort forsendur séu til þess að samþykkja hugsanlega umrætt ákvæði, en að afgreiðsla á öðrum greinum frumvarpsins verði frestað.

Ef réttur skilningur er lagður í framangreint erindi nefndarinnar hvað þetta varðar þá harnar Póst- og fjarskiptastofnun að frumvarpið skuli ekki fá framgang í heild sinni á þessu þingi. Stofnunin er meðvituð um að vegna þess hversu frumvarpið er seint fram komið að þá hefur nefndinni verið skammtaður naumur tími til að fjalla um málið. Miðað við hversu brýn sum efnisatriði frumvarpsins eru, sbr. tölvupóst frá innanríkisráðuneytinu til nefndarinnar dags. 12. desember s.l., batt stofnunin hins vegar vonir við að í góðu samtarfi við umsagnaraðila, frekari útskýringa og kynninga, sem stofnunin bauðst til að halda, að nefndinni væri kleift að öðlast nógu skýra mynd af málinu til þess að hægt væri að afgreiða það út úr nefndinni, jafnvel með einhverri einföldun eða styttingu á frumvarpinu.

Þegar nú virðist liggja fyrir að frumvarpið í heild sinni fái ekki afgreiðslu hjá umhverfis- og samgöngunefnd á yfirstandandi þingi þá leggur Póst- og fjarskiptastofnun á það ríka áherslu að málið verði tekið upp strax á næsta þingi með það að markmiði að það fái afgreiðslu sem fyrst á næsta ári. Minnir stofnunin á hversu mikilvægt það er að CERT starfsemin, sem ríkisstjórn Íslands hefur falið stofnuninni að koma á laggirnar, fái skýrt lagalegt umboð svo að Ísland geti tekið fullan þátt í alþjóðalegri samvinnu á þessu sviði.

Hvað varðar 13. gr. frumvarpsins að þá telur Póst- og fjarskiptastofnun mikilvægt að það ákvæði verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Horfir stofnunin þá til markmiðs frumvarpsins um að endurgjald fyrir tíðniréttindi samkvæmt umræddu ákvæði renni til fjármögnunar verkefna fjarskiptasjóðs. Telur stofnunin eðlilegt að sértæk gjöld sem lögð eru á fjarskiptastarfsemi renni aftur til greinarinnar í formi fjármögnunar á uppbyggingu fjarskiptainnviða til að ná samfélagslegum markmiðum um aðgang allra landsmanna að öruggum og góðum fjarskiptum. Er það í samræmi við 3. mgr. 1. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 sem kveður á um að íslenska ríkið skuli tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu. Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun líklegt að markmiðum fjarskiptaáætlunar, sbr. þingskjal 418 – 342 mál, um útbreiðslu á

háhraðatengingum með stigvaxandi gagnaflutningshraða á næstu árum, verði ekki náð á öllu landinu nema með aðkomu fjarskiptasjóðs að því. Með tilliti til þessa er mikilvægt að tryggja fjarskiptasjóði tekjur til þess að fjármagna uppbyggingu á þeim svæðum þar sem markaðsforsendur standa ekki undir slíkri uppbyggingu.

Að lokum telur Póst- og fjarskiptastofnun æskilegt að Alþingi taki afstöðu til upphæðar þess gjalds sem ákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem móttast hefur undanfarin ár varðandi endurgjald (auðlindagjald) fyrir notkun af tíðnirófinu sem teljast verður til sameiginlegrar og takmarkaðrar auðlindar þjóðarinnar. Samkvæmt gildandi lögum hefur Póst- og fjarskiptastofnun heimild til þess að ákveða lágmarksboð fyrir tíðnir séu þær úthlutaðar með uppboði. Hugsanleg gjaldtaka væri þá bundin því skilyrði að haldið yrði uppboð á tíðniréttindunum. Auk þess verður að telja að slík matskennd ákvörðun stjórnvalds um lágmarksverð fyrir tíðniréttindi geti aldrei komið í stað mat löggjafans á hæfilegu gjaldi fyrir nýtingarrétt á auðlind.

Virðingarfyllst,


f.h. forstjóra, Björn Geirsson

Afrit sent til innanríkisráðuneytisins